Félagmiðstöðin Fellið

Aðgerðaráætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 4
Helstu dagsetningar 4
- Ágúst 4
- September 4
- Október 4
- Nóvember 4
- Desember 4
- Janúar 4
- Febrúar 4
- Mars 4
- Apríl 4
- Maí 4
- Júní 4
- Júlí 4

Inngangur

Í þessari aðgerðaráætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar Fellsins auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar og áherslum frístundamiðstöðvar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri byggt á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnið út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Unglingar og börn hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennis af hlýju, öryggi og virðingu.
- Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni.
- Starfsemi og opnunartími tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og hópa. Í starfinu er boðið upp á opið starf og hópastarf.
- Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).
- Félagsmiðstöðin veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn, unglinga og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.
- Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á samfélagsmiðlum og/eða kynningarfundum).

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.
- Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Samstarf við Fram	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bjargir og skipulag
Tækifæri til umbóta.	Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva)
Aðgerðir til umbóta.	Hefja samstarf við Fram. Hafa samband við íþróttastjóra Fram, finna dagssetningar sem henta báðum aðilum.
Ábyrgð	Linda Dögg Rúnarsdóttir og Alda Þyri Þórarinsdóttir.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustönn 2026. Áætluð lok byrjun árs 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Fundir við Fram ásamt samtali við starfsfólk og börn félagsmiðstöðvarinnar.
Viðmið um árangur.	Félagsmiðstöðin nýtir aðstöðu Fram eins og tímatafla íþróttahúss leyfir.

Heiti aðgerðar: Nýting á sal	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bjargir og skipulag
Tækifæri til umbóta.	Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva)
Aðgerðir til umbóta.	Nýta salinn á hverri opnun. Opna inn í sal áður en opnun hefst og salurinn undbúinn (borðtennisborð sett niður, pílur sóttar, jafnvel afþreying sett á borð, tónlist sett í gang)
Ábyrgð	Linda Dögg Rúnarsdóttir og Alda Þyri Þórarinsdóttir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustönn 2026. Áætluð lok byrjun árs 2027, þ.e. komið í vana hjá starfsfólki.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Fylgst með í ígrundun eftir vakt hvort salurinn hafi verið nýttur. Fylgt eftir á starfsmannafundum.
Viðmið um árangur.	Félagsmiðstöðin nýtir salinn með afþreyingu á hverri opnun.

Heiti aðgerðar: Aukið lýðræði	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Virk þátttaka og lýðræði
Tækifæri til umbóta.	Tækifæri til bætinga er að ná inn nemendum sem eru ekki að koma til okkar og fá þeirra hugmyndir að viðfangsefnum.
Aðgerðir til umbóta.	Taka á móti hópum á skólatíma og skapa vettvang fyrir hugmyndavinnu og hvað myndi ná þeim inn í starfið.
Ábyrgð	Linda Dögg Rúnarsdóttir og Alda Þyri Þórarinsdóttir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustönn 2026. Áætluð lok vorið 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Ígrundun eftir hittinga og eftirfylgni með mætingu í kjölfar hittinga.
Viðmið um árangur.	Hugmyndir eru framkvæmdar og fjölbreyttari nemendahópur er að skila sér inn í starfið.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Á þessu skólaári verður lögð áhersla á að ná til fjölbreyttra hópa innan skólans. Félagsmiðstöðin er í góðu samstarfi við skólann þar sem Fellið vinnur með öllum bekkjum miðstigs á skólatíma. Mismunandi áherslur eru fyrir hvern og einn árgang en rauði þráðurinn í kringum hópastarfið er að efla félagsfærni og sjálfstraust. Unnið er með fjölbreytt verkefni eins og til dæmis hópeflisleiki, hugarkortagerð, hróshringi o.fl. Við leggjum einnig áherslu á að börnin séu virkir þátttakendur í starfinu og að virðing ríki meðal hópsins sem unnið er með. Hópastarfið og þau fjölbreyttu verkefni sem framkvæmd eru í tímunum gefa færi á því að brjóta upp hefðbundna skóladaga,

kynnast samnemendum sínum og starfsfólki á annan hátt ásamt því að stuðla að heilbrigðum samskiptum innan hópanna.

Á döfinni er einnig hópastarf fyrir drengjahóp á unglingastigi. Drengirnir fengu boð um að taka þátt í klúbbnum og mikill meirihluti hafði áhuga á því að taka þátt. Þessi tiltekni hópur vinnur í fjögurra vikna lotum. Hópurinn hittist einu sinni í viku, klukkustund í senn þar sem unnið er með hópeflisleiki, verkefni sem hugsuð eru til sjálfseflingar, markmiðasetningu og fleira. Í fjórða og jafnframt síðasta tímanum í hverri lotu er farið í ferð þar sem prufaðar eru mismunandi jaðaríþróttir. Þar vinna drengirnir að markmiðum sem þeir hafa sett í tímunum. Til að mynda var ferð upp á Esjuna þar sem sameiginlegt markmið hópsins var að komast upp að Steini. Markmiðið með hópnum er að efla sjálfstraust, auka trú á eigin getu og stuðla að góðum samskiptum innan hópsins.

Helstu dagsetningar

Ágúst
Skólasetning
Fyrsta opnun skólaársins

September
Bekkjarkvöld
Starfsdagur

Október
Brúarleikar
Landsmót Samfés
Rósaball
Hrekkjavökuball miðstigs

Nóvember
Skrekkur
Stöðusamtöl

Desember
Jólaball

Janúar
Nýársball

Febrúar
Vika 6
Söngkeppni Brúarinnar

Mars
Danskeppni Samfés
Stíll
Árshátíð
Skíðaferð

Apríl
Barnamenningarhátíð
Starfsþróunarsamtöl

Maí
Samfest

Hinsegin vika
Heimsókn frá 4.bekk

Júní

Skólaslit
Sumarstarf 10-12 ára

Júlí

Sumarstarf 10-12 ára

Síðasta opnun skólaársins